

**Nd.**

**585. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. Við 8. gr.

Síðasta málsgrein orðist svo:

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem

aðstoðarprestar, lækningar sem aukalækningar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

2. Við 11. gr.  
7. málsgrein verði 5. málsg. r.
3. Við 15. gr.  
Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.
4. Við 17. gr.  
Fyrir «3000» og »4000« í 2. málsgrein komi:  
3500 og 4500.
5. Við 18. gr.  
Fyrir »og vitavörðurinn á Dalatanga« til enda komi:  
vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvítans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er þeir nú njóta.
6. Við 22. gr.  
Aftan við fyrri málsgrein bætist:  
Auk þess hefir hann í ritfje 1000 kr. á ári.
7. Við 23. gr.  
Fyrir »4 ára« komi:  
3 ára.
8. Við 25. gr.  
Fyrir »2600« og »3600« komi:  
3000 og 4200.
9. Við 32. gr.  
Fyrir »2500« og »3500« í 2. og 5. málsg. r. komi:  
3000 og 4000.
10. Við 32. gr.  
Fyrir »3500« og »4500« í 6. málsg. r. komi:  
4000 og 5000.
11. Við 33. gr.  
Á eftir »sýslunarmenn landsins« (í 1. línu) komi:  
sem taldir eru í þessum lögum.
12. Við 37. gr.  
Orðin »um laun og aukatekjur embættismanna« falli burt.